

# Þingsályktun

**um skilgreiningu á sameiginlegum hagsmunum Vestur-Norðurlanda  
í ljósi breyttrar stöðu norðurslóða í alþjóðakerfinu  
af völdum loftslagsbreytinga.**

---

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að standa fyrir skilgreiningu, í samstarfi við Færeyjar og Grænland, á sameiginlegum hagsmunum Vestur-Norðurlanda í ljósi þeirra breytinga sem hlýnandi loftslag hefur á undanförunum áratugum haft í för með sér fyrir norðurskautið og alþjóðakerfið allt. Ráðstefna verði haldin á vegum utanríkisráðuneyta landanna með þátttöku stjórnámálanna og sérfræðinga til að ræða og vinna að samkomulagi um sameiginlega stefnu landanna gagnvart þessum breytingum.

---

*Samþykkt á Alþingi 23. febrúar 2012.*

